# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar - 30. júní 2026 í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ..... 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ..... 4

Rekstrarreikningur ..... 5

Yfirlit um heildarafkomu ..... 6

Efnahagsreikningur ..... 7

Eiginfjáryfirlit ..... 8

Sjóðstreymisyfirlit ..... 9

Skýringar ..... 10

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 241 millj. evrur (1. janúar til 30. júní 2025 184 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 43 millj. evrur, samanborið við 11 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 482 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé lækkaði á tímabilinu um 55 millj. evrur vegna kaupa á eigin bréfum sem ráðstafað var í tengslum við kaup félagsins á Lýsi hf. Vísað er í skýringu 10 varðandi nánari upplýsingar um yfirtökuna.

## Rekstur á öðrum ársfjórðungi

Afli bolfiskskipa félagsins var á tímabilinu 10.240 tonn en var 12.000 tonn á sama tímabili árið áður. Brim gerði út fimm skip á bolfiskveiðar á tímabilinu, en þau voru sjö fyrir ári síðan. Veiðar á ýsu jukust en veiðar minnkuðu á gulllaxi og þorski. Botnfiskafli til landvinnslu var um 5.350 tonn, en var 5.600 tonn á sama tímabili árið áður.

Verð á ferskum landunnum bolfiskafurðum eru góð og hafa haldið áfram að hækka frá fyrra ári sérstaklega þorsk- og ufsaafurðir á meðan karfa- og ýsuafurðir hafa hækkað minna á tímabilinu. Verð á sjófrystum ufsaafurðum hefur hækkað nokkuð milli ára en afurðaverð á þorski, ýsu og karfa hafa verið nokkuð stöðug og er sögulega hátt.

Á öðrum ársfjórðungi var allur uppsjávarafli Brims kolmunni veiddur í færeyskri fiskveiðilögsögu. Fyrsta löndun var um miðjan apríl og sú síðasta snemma í maí. Venus og Víkingur tóku þátt í veiðunum og var landað bæði á Vopnafirði og Akranesi. Samtals veiddust um 14.500 tonn.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2026 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hefur í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2026.

Stjórn félagsins:

| | | |
|---|---|---|
| Kristján Þ. Davíðsson | Anna G. Sverrisdóttir | Guðmundur Marteinsson |
| Hjálmar Kristjánsson | Kristrún Heimisdóttir | |

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Brims hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Brims hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum* . Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 27. ágúst 2026.

**Deloitte ehf.**

Pétur Hansson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2026

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 2026 1.4.-30.6. | Annar ársfjórðungur 2025 1.4.-30.6. | Fyrri árshelmingur 2026 1.1.-30.6.* | Fyrri árshelmingur 2025 1.1.-30.6.* |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur ..... | | 119.312 | 82.431 | 240.636 | 183.801 |
| Kostnaðarverð seldra vara ..... | | ( 94.022) | ( 70.911) | ( 181.430) | ( 157.038) |
| **Vergur hagnaður** ..... | | 25.290 | 11.520 | 59.206 | 26.763 |
| Útflutningskostnaður ..... | | ( 1.740) | ( 1.336) | ( 3.462) | ( 3.422) |
| Annar rekstrarkostnaður ..... | 6 | ( 3.169) | ( 3.497) | ( 6.238) | ( 6.546) |
| **Rekstrarhagnaður** ..... | | 20.381 | 6.687 | 49.506 | 16.795 |
| Fjáreignatekjur ..... | | 103 | 425 | 209 | 858 |
| Söluhagnaður eignarhluta ..... | | 4.761 | 0 | 4.761 | 0 |
| Fjármagnsgjöld ..... | | ( 3.705) | ( 4.530) | ( 7.553) | ( 9.653) |
| Gengismunur ..... | | ( 546) | ( 1.924) | 227 | ( 2.841) |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld ..... | | 613 | ( 6.029) | ( 2.356) | ( 11.636) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ..... | | 1.566 | 3.003 | 4.475 | 7.245 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ..... | | 22.560 | 3.661 | 51.625 | 12.404 |
| Tekjuskattur ..... | | ( 3.840) | ( 446) | ( 9.024) | ( 1.619) |
| **Hagnaður tímabilsins** ..... | | 18.720 | 3.215 | 42.601 | 10.785 |
| **EBITDA** ..... | | 25.503 | 12.074 | 59.723 | 27.014 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut ..... | | 0,0102 | 0,0017 | 0,0232 | 0,0056 |

* Rekstrarreikningur fyrsta ársfjórðungs 2026 og 2025 var hvorki kannaður né endurskoðaður af endurskoðanda félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2026

| | Annar ársfjórðungur | | Fyrri árshelmingur | |
|---|---|---|---|---|
| | **2026** | **2025** | **2026** | **2025** |
| | **1.4.-30.6.** | **1.4.-30.6.** | **1.1.-30.6.*** | **1.1.-30.6.*** |
| **Hagnaður tímabilsins** ............................................... | 18.720 | 3.215 | 42.601 | 10.785 |
| | | | | |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé:** | | | | |
| **Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum .......... | 686 | ( 3.824) | 1.412 | ( 4.250) |
| Áhættuvarnir vegna langtímaskulda ........................ | ( 16) | 55 | 960 | 1.058 |
| **Liðir sem síðar munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta .............................. | ( 1.589) | ( 6) | ( 1.348) | ( 173) |
| | | | | |
| **Heildarafkoma tímabilsins**................................... | 17.801 | ( 560) | 43.625 | 7.420 |

* Yfirlit um heildarafkomu fyrsta ársfjórðungs 2026 og 2025 var hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðanda félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. júní 2026

| | Skýr. | 30.6.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 226.923 | 236.012 |
| Óefnislegar eignir | | 403.329 | 400.590 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 131.516 | 144.002 |
| Aðrar fjárfestingar | | 15.568 | 16.824 |
| Fastafjármunir | | 777.336 | 797.428 |
| Birgðir | 7 | 72.923 | 78.857 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 41.877 | 35.323 |
| Kröfur á tengda aðila | | 14.246 | 14.595 |
| Handbært fé | | 49.572 | 71.467 |
| Veltufjármunir | | 178.618 | 200.242 |
| **Eignir samtals** | | 955.954 | 997.670 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 8 | 19.458 | 20.083 |
| Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutafjár | 8 | 7.194 | 61.686 |
| Þýðingarmunur | | ( 8.477) | ( 9.889) |
| Annað bundið eigið fé | | 92.219 | 87.656 |
| Óráðstafað eigið fé | | 371.272 | 361.780 |
| Eigið fé samtals | | 481.666 | 521.316 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 199.615 | 194.180 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 79.511 | 70.696 |
| Langtímaskuldir | | 279.126 | 264.876 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 143.472 | 166.084 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 39.625 | 29.857 |
| Skuldir við tengda aðila | | 3.641 | 3.523 |
| Skattar til greiðslu | | 8.424 | 12.014 |
| Skammtímaskuldir | | 195.162 | 211.478 |
| Skuldir samtals | | 474.288 | 476.354 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 955.954 | 997.670 |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2026

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður og yfirverðs-reikningur | Þýðingar-munur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2025** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2025 | 20.083 | 61.686 | ( 2.721) | 74.421 | 335.450 | 488.919 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 10.785 | 10.785 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | ( 4.251) | | | ( 4.251) |
| Matsbreyting skráðra eignarhluta | | | | ( 173) | | ( 173) |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | 1.058 | | 1.058 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | ( 4.251) | 885 | 10.785 | 7.419 |
| Millifært af bundnu eigin fé | | | | 7.623 | ( 7.623) | |
| Greiddur arður 1,5 kr. á hlut | | | | | ( 19.768) | ( 19.768) |
| Eigið fé 30.6.2025 | 20.083 | 61.686 | ( 6.972) | 82.929 | 318.844 | 476.570 |
| **1. janúar til 30. júní 2026** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2026 | 20.083 | 61.686 | ( 9.889) | 87.656 | 361.780 | 521.316 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 42.601 | 42.601 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | 1.412 | | | 1.412 |
| Matsbreyting skráðra eignathluta | | | | ( 1.348) | | ( 1.348) |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | 960 | | 960 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 1.412 | ( 388) | 42.601 | 43.625 |
| Millifært á bundið eigið fé | | | | 4.951 | ( 4.951) | |
| Keypt eigin bréf | ( 625) | ( 54.492) | | | | ( 55.117) |
| Greiddur arður, 2,1 kr. á hlut | | | | | ( 28.158) | ( 28.158) |
| Eigið fé 30.6.2026 | 19.458 | 7.194 | ( 8.477) | 92.219 | 371.272 | 481.666 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

| | 2026<br>1.1.-30.6. | 2025<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 49.506 | 16.795 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| (Söluhagnaður) tap rekstrarfjármuna | ( 36) | 24 |
| Afskriftir | 10.253 | 10.195 |
| | 59.723 | 27.014 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | ( 147) | 9.408 |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | 1.668 | 5.517 |
| | 1.521 | 14.925 |
| Innheimtar vaxtatekjur | 209 | 373 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 7.716) | ( 9.783) |
| Greiddir skattar | ( 3.441) | ( 6.906) |
| Handbært fé frá rekstri | 50.296 | 25.623 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í aflahlutdeild | ( 1.818) | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 1.172) | ( 8.935) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 128 | 111 |
| Arður af eignarhlutum | 6.549 | 15.830 |
| Fjárfesting í eignarhlutum að teknu tilliti til handbærs fjárr | ( 546) | ( 1.512) |
| Keypt eigin bréf | ( 42.370) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 39.229) | 5.494 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Greiddur arður | ( 28.158) | ( 19.768) |
| Skammtímalán | 11.771 | 5.444 |
| Afborganir langtímalána | ( 28.120) | ( 36.507) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 44.507) | ( 50.831) |
| **Lækkun á handbæru fé** | ( 33.440) | ( 19.714) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 777 | ( 1.798) |
| **Yfirtekið handbært fé** | 10.768 | 0 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 71.467 | 52.135 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 49.572 | 30.623 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Brim hf. „Félagið“ er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga" og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út átta fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 27. ágúst 2026.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.brim.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfsþættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjávarsvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfsþætti samstæðunnar.

## Skýringar, frh.:

| | Botnfisk-svið | Uppsjávar-svið | Sölufélög í Asíu | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsþættir 1.1.-30.6.2026** | | | | | | |
| Seldar vörur ......................... | 108.726 | 65.575 | 76.874 | 7.385 | ( 17.924) | 240.636 |
| Kostnaðarverð ...................... | ( 78.194) | ( 37.952) | ( 75.046) | ( 8.162) | 17.924 | ( 181.430) |
| Vergur hagnaður .................. | 30.532 | 27.623 | 1.828 | ( 777) | 0 | 59.206 |
| Útflutningskostnaður ............ | ( 1.892) | ( 1.257) | | ( 313) | | ( 3.462) |
| Annar rekstrarkostnaður ....... | ( 2.495) | ( 2.495) | ( 473) | ( 775) | | ( 6.238) |
| **Rekstrarhagnaður** ............ | 26.145 | 23.871 | 1.355 | ( 1.865) | 0 | 49.506 |
| Fjármagnsliðir ...................... | | | | | | ( 2.356) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ........... | | | | | | 4.475 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ....... | | | | | | 51.625 |
| Tekjuskattur ......................... | | | | | | ( 9.024) |
| **Hagnaður tímabilsins**.......... | | | | | | 42.601 |
| **Starfsþættir 1.1.-30.6.2025** | | | | | | |
| Seldar vörur ......................... | 94.192 | 39.371 | 58.154 | 8.141 | ( 16.057) | 183.801 |
| Kostnaðarverð ...................... | ( 74.190) | ( 34.579) | ( 56.821) | ( 7.505) | 16.057 | ( 157.038) |
| Vergur hagnaður .................. | 20.002 | 4.792 | 1.333 | 636 | 0 | 26.763 |
| Aðrar rekstrartekjur .............. | | | | | | 0 |
| Útflutningskostnaður ............ | ( 2.114) | ( 932) | | ( 375) | | ( 3.421) |
| Annar rekstrarkostnaður ....... | ( 2.530) | ( 2.456) | ( 504) | ( 1.057) | | ( 6.547) |
| **Rekstrarhagnaður** ............ | 15.358 | 1.404 | 829 | ( 796) | 0 | 16.795 |
| Fjármagnsliðir ...................... | | | | | | ( 11.636) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ........... | | | | | | 7.245 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ....... | | | | | | 12.404 |
| Tekjuskattur ......................... | | | | | | ( 1.619) |
| **Hagnaður tímabilsins**........... | | | | | | 10.785 |

### 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2026<br>1.1.-30.6. | 2025<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld ........................................................................................ | 2.270 | 2.337 |
| Annar stjórnunarkostnaður ........................................................................................ | 3.968 | 4.209 |
| | 6.238 | 6.546 |

### 7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 30.6.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Afurðabirgðir ........................................................................................................ | 66.019 | 71.947 |
| Rekstrarvörubirgðir ............................................................................................... | 6.904 | 6.910 |
| | 72.923 | 78.857 |

## 8. Eigið fé

Í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í Lýsi hf. keypti félagið eigin bréf að nafnverði 69.001 þús.kr. Einnig voru keypt eigin bréf í tengslum við sölu á hlutdeildarfélaginu Melnesi ehf. að nafnverði 20.774 þús. kr. Samanlagt kaupverð sem færist til lækkunar á eigin fé nemur 55 millj. evra.

## 9. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

| | 30.6.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir ...................................................... | 0,92 | 0,95 |
| Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir ............................................ | 0,54 | 0,57 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn ..................................................................... | 0,50 | 0,52 |

## 10. Önnur mál

Þann 23. september 2025 var tilkynnt um kauptilboð félagsins í allt hlutafé Lýsis hf. Endanlegt kaupverð nemur 20 milljörðum króna eða 141 milljónum evra miðað við gengi á greiðsludegi. Kaupin voru gerð með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar, samþykki stjórna félaganna og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þann 29. júlí s.l. birti Samkeppniseftirlitið síðan niðurstöður þess efnis að ekki væru forsendur til að hafast frekar að vegna kaupanna. Kaupverðið var greitt þann 13. ágúst s.l. og gert er ráð fyrir að Lýsi hf verði hluti af samstæðu Brims frá þeim tíma. Kaupverðsútdeiling liggur ekki fyrir við samþykki árshlutareikningsins.

Þann 31. maí var tilkynnt um sölu á 50% hlut í Polar Seafood Denmark A/S. Samkomulagið var gert með fyrirvara um fjármögnun og samþykki opinberra eftirlitsaðila. Fyrirvara um fjármögnun var aflétt þann 12. júní og fyrirvörum danskra og grænlenskra samkeppniseftirlitsins var aflétt 27. ágúst.

# Ársfjórðungsyfirlit

| | 2F 2026 | 1 F 2026 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 119.312 | 121.324 | 240.636 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 94.022) | ( 87.408) | ( 181.430) |
| **Vergur hagnaður** | 25.290 | 33.916 | 59.206 |
| Útflutningskostnaður | ( 1.740) | ( 1.722) | ( 3.462) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 3.169) | ( 3.069) | ( 6.238) |
| **Rekstrarhagnaður** | 20.381 | 29.125 | 49.506 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | 613 | ( 2.969) | ( 2.356) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 1.566 | 2.909 | 4.475 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 22.560 | 29.065 | 51.625 |
| Tekjuskattur | ( 3.840) | ( 5.184) | ( 9.024) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 18.720 | 23.881 | 42.601 |
| EBITDA | 25.503 | 34.220 | 59.723 |

| | 4 F 2025 | 3 F 2025 | 2 F 2025 | 1 F 2025 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 114.463 | 111.404 | 82.431 | 101.370 | 409.668 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 92.512) | ( 70.698) | ( 70.911) | ( 86.127) | ( 320.248) |
| **Vergur hagnaður** | 21.951 | 40.706 | 11.520 | 15.243 | 89.420 |
| Aðrar rekstrartekjur | 713 | 0 | 0 | 0 | 713 |
| Útflutningskostnaður | ( 1.462) | ( 1.187) | ( 1.336) | ( 2.086) | ( 6.071) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 3.523) | ( 2.875) | ( 3.497) | ( 3.049) | ( 12.944) |
| **Rekstrarhagnaður** | 17.679 | 36.644 | 6.687 | 10.108 | 71.118 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | ( 2.042) | ( 3.894) | ( 6.029) | ( 5.607) | ( 17.572) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 6.506 | 3.266 | 3.003 | 4.242 | 17.017 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 22.143 | 36.016 | 3.661 | 8.743 | 70.563 |
| Tekjuskattur | ( 1.836) | ( 7.107) | ( 446) | ( 1.173) | ( 10.562) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 20.307 | 28.909 | 3.215 | 7.570 | 60.001 |
| EBITDA | 22.021 | 41.574 | 12.074 | 14.940 | 90.609 |

Ársfjórðungayfirlit hafa hvorki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.